

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/586****2022/EES/18/16****frá 14. apríl 2016****um tækniastaðla fyrir áfyllingarbúnað rafsigarettar***(tilkynnt með númeri C(2016) 2093) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB <sup>(1)</sup>, einkum 13. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í g-lið 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að í rafsigarettum [áður rafvindlingar] og áfyllingarílátum þeirra sé búnaður sem tryggir enduráfyllingu án leka.
- 2) Ákvæði 13. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB veita framkvæmdastjórninni heimild til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerð, tækniastaðla fyrir áfyllingarbúnað rafsigarettar.
- 3) Rétt þykir, í ljósi eiturhrifa vökvanna sem innihalda níkótín og notaðir eru í rafsigarettum og áfyllingarílát, að tryggja að hægt sé að fylla á rafsigarettur á þann hátt að áhætta á snertingu slíkra vökva við húð eða inntöku þeirra af slysi sé haldið í lágmarki.
- 4) Á grundvelli endurgjafar frá hagsmunaaðilum og vinnunnar sem utanaðkomandi verktakar inna af hendi hafa verið tilgreindir tækniastaðlar sem er ætlað að tryggja að áfyllingarbúnaður, sem uppfyllir þá staðla, veiti fullnægjandi vörn gegn leka.
- 5) Tilgreindu tækniastaðlarnir ná einnig yfir ráðstafanir til að tryggja að neytendur séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt um hvernig nota skal áfyllingarbúnaðinn til að tryggja áfyllingu án leka.
- 6) Hagsmunaaðilar kunna að vilja láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um annan búnað, sem þeir hafa þróað til að tryggja áfyllingu án leka, sem kann að leiða til endurskoðunar á þessari ákvörðun.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 25. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.***Efni**

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um tækniastaðla fyrir áfyllingarbúnað rafsigarettar sem framleiddar eru í Sambandinu eða fluttar inn í Sambandið.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

## 2. gr.

**Kröfur varðandi áfyllingarbúnaðinn**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að rafsígarettur og áfyllingarflát séu einungis sett á markað ef búnaðurinn sem notaður er til áfyllingar á rafsígarettunum uppfyllir eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- a) hann felur í sér notkun áfyllingarfláts sem er búið tryggilega festum stút, a.m.k. 9 mm löngum, sem er mjórri en op tanksins í rafsígarettunni sem hann er notaður með og passar auðveldlega í það og sem er með flæðistjórnunarbúnað sem losar mest 20 dropa af áfyllingarvökva á mínútu í lóðréttri stöðu og eingöngu við loftþrýsting við  $20\text{ °C} \pm 5\text{ °C}$ ,
- b) hann virkar með tengikerfi sem losar áfyllingarvökva inn í tank rafsígarettunnar eingöngu þegar rafsígarettan og áfyllingarflátið eru tengd.

2. Aðildarríki skulu tryggja að með enduráfylanlegum rafsígarettum og áfyllingarflátum fylgi viðeigandi leiðbeiningar um áfyllingu, þ.m.t. skýringarmyndir, sem hluti af notkunarleiðbeiningunum sem krafist er skv. i-lið a-liðar 4. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

Í notkunarleiðbeiningum fyrir enduráfylanlegar rafsígarettur og áfyllingarflát með áfyllingarbúnaði af gerðinni sem um getur í a-lið 1. mgr. skal tilgreina breidd stútsins eða breidd opsins á tankinum á þann hátt að það geri neytendum kleift að ákvarða hvort áfyllingarflátin og rafsígarettunum passa saman.

Í notkunarleiðbeiningum fyrir enduráfylanlegar rafsígarettur og áfyllingarflát með áfyllingarbúnaði af gerðinni sem um getur í b-lið 1. mgr. skal tilgreina þær gerðir tengikerfis sem passa við slíkar rafsígarettur og áfyllingarflát.

## 3. gr.

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. apríl 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Vytenis ANDRIUKAITIS

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_